



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Fjárfestingar

Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar

Vegna skýrslu um sundurliðun fjárfestinga

Gagnamódel útgáfa 4.8

febrúar 2018

## *Efnisyfirlit*

1. Inngangur .....	3
2. Gögn.....	4
2.1 Fjárfesting .....	4
2.1.1 Tegund.....	4
2.1.2 Kennitala .....	4
2.1.3 Deild.....	4
2.1.4 Dagsetning.....	4
2.1.5 ÚtgefandiKennitala .....	5
2.1.6 ÚtgefandiKennitala erlendur aðili/LEI (erlendur aðili) .....	5
2.1.7 ÚtgefandiHeiti .....	5
2.1.8 RekstrarfélagKennitala .....	5
2.1.9 RekstrarfélagKennitala/LEI (erlendur aðili).....	6
2.1.10 RekstrarfélagNafn.....	6
2.1.11 ISIN .....	6
2.1.12 Auðkenni/Lánanúmer/Fastanúmer .....	6
2.1.13 Meðallíftími.....	6
2.1.14 Skráð.....	7
2.1.15 Verðtryggt .....	7
2.1.16 Fjöldi .....	8
2.1.17 Gengi .....	8
2.1.18 Gjaldmiðill .....	8
2.1.19 GengiGjaldmiðils.....	8
2.1.20 BókfærtVerð.....	8
2.1.21 Heildarverðmæti .....	8
2.1.22 ABLán .....	9
2.2 Vanskil og staða innheimtu.....	9
2.2.1 Staðalinnheimtu.....	10
2.3 Afleiður.....	10
2.3.1 Kaupandi/Seljandi afleiðu .....	10
2.3.2 Afleiðutegundir .....	11
2.3.3 Afleiður: Samningsfjárhæð .....	11
2.3.4 Afleiður: Undirliggjandi fjármálageningur.....	11

2.3.5	Virði afleiðu .....	11
2.4	Annað.....	11
2.4.1	ISAT2008.....	11
2.4.2	Rekstrarform .....	12
2.4.3	Kröfuvirði/verðmat fasteignar.....	13
2.4.4	Vextir.....	13
2.4.5	Útgáfuland.....	13
2.4.6	Nýr fjármálagerningur .....	13
2.4.7	LTV (veðtryggð skuldabréf) .....	13
2.4.8	Ytri lánshæfismatsaðili .....	14
2.4.9	Ytra lánshæfismat, einkunn .....	14
2.4.10	Innra lánshæfismat, einkunn.....	15
2.4.11	Varúðarniðurfærsla .....	15
2.4.12	Kaupkrafa/Gangvirði .....	15
2.4.13	Athugasemd.....	15
3.	Gagnareglur.....	16
4.	Viðaukar .....	17
4.1	Viðauki I – Gagnareglur .....	17
4.2	Viðauki II – Skilgreiningar á valmöguleikum fyrir stöðu innheimtu .....	19

## 1. Inngangur

Með vísan í 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er farið fram á að allir lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar sendi upplýsingar um fjárfestingar sínar til Fjármálaeftirlitsins. Tilgangurinn er sá að hafa eftirlit með fjárfestingum með hliðsjón af fjárfestingarheimildum skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykktri fjárfestingarstefnu.

Senda ber sérgreindar upplýsingar fyrir hverja deild/leið/sjóð þar sem tilgreindar eru allar fjárfestingar hversrar deildar/leiðar/sjóðs. **Athugið að allir reitir eru skyldureitir nema annað sé tekið fram.**

Útbúið hefur verið XML Schema sem innsend gögn á XML formi verða að passa við (validate).

## 2. Gögn

Öll innsend gögn þurfa að falla undir eftirfarandi XML schema gagnamódel.

### 2.1 Fjárfesting

Ein lína er send inn fyrir hverja fjárfestingu.

#### 2.1.1 Tegund

Type: *xs:string*

Enumeration

Tegund fjárfestingar, flokkuð eftir fyrirfram tilgreindum tegundaflokkum samanber tl. 1 – 6 í 36. gr. a. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Valkostir fyrir lífeyrissjóði:

- Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Innlán (B.b)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og víxlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Hlutabréf félaga (E.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)
- Fasteignir (E.c)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður (F.b)

#### 2.1.2 Kennitala

Type: *xs:string*

Skrá kennitölu lífeyrissjóðs eða deildar.

#### 2.1.3 Deild

Type: *xs:string*

Enumeration

Listi yfir alla sjóði og deildir sem haka þarf við.

#### 2.1.4 Dagsetning

Type: *xs:date*

Skyldureitur – Merkja við þann ársfjórðung sem við á 31.3.xx, 30.6.20xx, 30.9.20xx eða 31.12.20xx.

### 2.1.5 ÚtgefandiKennitala

Type: *xs:string*

Length: 10

Pattern: *([0-9]{10})?*

Kennitala útgefanda, innlánsstofnunar eða mótaðila.

Vegna persónuverndarsjónarmiða skal ekki fylla út kennitölu einstaklinga í tilviki fasteignaveðtryggðra lána. Því skal **hafa kennitölu lífeyrissjóðsins sé um að ræða sjóðfélagalán**. Til að aðgreina sjóðfélagalán skal setja lánsnúmer eða annað einstakt auðkennisnúmer inn í reitinn „Auðkenni/lánanúmer/fastanúmer“ (liður 2.1.10).

Sé um að ræða Fasteignir (E.c) **skal slá inn kennitölu lífeyrissjóðsins** en slá skal inn fastanúmer hvernar einstakrar fasteignar í reitinn „Auðkenni/lánanúmer/fastanúmer“ (liður 2.1.10).

### 2.1.6 ÚtgefandiKennitala erlendur aðili/LEI (erlendur aðili)

Type: *xs:string*

Length: 20

Pattern: *([0-9]{10})?*

Vegna erlendra aðila, sem ekki eru með skráða íslenska kennitölu, skal skrá LEI (e. *Legal Entity Identifier*) númer hafi útgefandi slíkt.

### 2.1.7 ÚtgefandiHeiti

Type: *xs:string*

Length: 100

Nafn útgefanda, innlánsstofnunar eða mótaðila (löglegt nafn félags eins og það er skráð).

Ef um er að ræða sjóð skal setja nafn hans (löglegt nafn sjóðs eins og það er skráð) en ekki nafn rekstrarfélags eða yfirsjóðs (e. *umbrella fund*).

*Athugið:* Vegna persónuverndarsjónarmiða er í tilviki fasteignaveðtryggðra lána til einstaklinga óskað eftir því að útgefandi fái heitið „Einstaklingur“. Til að aðgreina sjóðfélagalán skal setja lánsnúmer eða annað einstakt auðkennisnúmer inn í reitinn „Auðkenni/lánanúmer/fastanúmer“ (liður 2.1.10).

Ef um er að ræða Fasteign (E.c) skal skrifa heimilisfang viðkomandi fasteignar.

### 2.1.8 RekstrarfélagKennitala

Type: *xs:string*

Length: 10

Pattern: *([0-9]{10})*

Kennitala rekstrarfélags (á einungis við ef fjárfest er í sjóðum eða fjármálagerningum útgefnum af sjóðum).

### 2.1.9 RekstrarfélagKennitala/LEI (erlendur aðili)

Type: *xs:string*

Length: 20

Pattern: *([0-9]{10})*

LEI (e. *Legal Entity Identifier*) skal skrá fyrir erlend rekstrarfélög hafi þau löglegt LEI númer.

### 2.1.10 RekstrarfélagNafn

Type: *xs:string*

Length: 100

Nafn rekstrarfélags (á einungis við ef fjárfest er í sjóði).

### 2.1.11 ISIN

Type: *xs:string*

Length: 12

Pattern: *([A-Z|0-9]{12})?*

ISIN númer fjármálagernings - International Securities Identification Number, útgefið af National Numbering Agency (NNA), ef það er til staðar.

### 2.1.12 Auðkenni/Lánanúmer/Fastanúmer

Type: *xs:string*

Length: 255

Auðkenni allra fjármálagerninga sem við á. Í tilviki verðbréfa skal skrá inn kauphallarauðkenni eða annað lýsandi auðkenni ef verðbréf er ekki skráð.

Lánanúmer fasteignaveðtryggðra lána til einstaklinga og fyrirtækja (A.b) eða annað einstakt lánsnúmer til aðgreiningar.

Ef um er að ræða fjárfestingu í fasteign (E.c) skal slá inn fastanúmer fasteignarinnar.

Ef ekkert að ofan á við, skal velja „Á ekki við“

### 2.1.13 Meðallíftími

Type: *xs:double*

Meðallíftími í árum (e. duration).

Skylda er að skila þessum upplýsingum fyrir eftirfarandi flokka:

- Ríkisvixla og skuldabréf (A.a)
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)

- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og víxlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar (F.b)

Meðallíftími á ekki við um eftirfarandi flokka:

- Innlán (B.b)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Hlutabréf félaga (E.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)
- Fasteignir (E.c)

#### 2.1.14 Skráð

Type: *xs:string*

Enumeration

Haka skal við hvort fjármálagerningur sé skráður eða ekki. Sé fjármálagerningur skráður á MTF (markaðstorg fjármálagerna í ríkjum Evrópska efnahagsvæðisins, sem starfar reglulega, er opið almenningi og viðurkennt á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan) skal merkja við „Skráð á MTF“.

Valmöguleikar:

- Skráð
- Skráð á MTF
- Óskráð
- Á ekki við

Velja skal „Á ekki við“ fyrir eftirfarandi eignaflokka:

- Ríkisvixlar- og skuldabréf (A.a)
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)
- Innlán (B.b)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b) **ATH! aðeins ef sjóðurinn er með innlausnarskyldu, annars „Skráð“ eða „Óskráð“**
- Fasteignir (E.c)

Ávallt skal velja, eftir því sem við á, „Skráð“, „MTF“ eða „Óskráð“ fyrir aðra einstaka fjármálagerna sem tilheyra öðrum eignaflokkum en tilgreindir eru hér að framan.

#### 2.1.15 Verðtryggt

Type: *xs:boolean*

Upplýsingar um það hvort viðkomandi fjárfesting sé verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eða ekki.

Haka skal við eftirfarandi valmöguleika:

- Já



- Nei

#### 2.1.16 Fjöldi

Type: *xs:decimal*

Fjöldi eininga eða nafnverð verðbréfa.

Fjöldi eininga getur verið 19 tölustafir og þar af allt að 6 aukastafir, gildi getur verið neikvætt.

#### 2.1.17 Gengi

Type: *xs:decimal*

Gengi (pr. hlut, gengi = 1 ef innlán í ISK).

#### 2.1.18 Gjaldmiðill

Type: *xs:string*

Length: 3

Pattern: *[A-Z]\**

Velja viðeigandi gjaldmiðil sbr. lista í skýrslu.

#### 2.1.19 GengiGjaldmiðils

Type: *xs:decimal*

Gengi gjaldmiðils eða velja ISK (Ef ISK þá gengi = 1). Miða skal við kaupgengi Seðlabankans í lok uppgjörsdags.

Ef ISK þá gengi = 1.

#### 2.1.20 BókfærtVerð

Type: *xs:decimal*

Bókfært verð m.v. uppgjörstagsetningu í ISK.

(Fjöldi eininga \* Gengi \* Gengi gjaldmiðils = Bókfært verð).

#### 2.1.21 Heildarverðmæti

Type: *xs:decimal*

Heildarverðmæti heildarútgáfu í ISK (m.v. uppgjörstagsetningu skýrsluskila):

- Ríkisvixlar- og skuldabréf (A.a)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)

- Skuldabréf og víxlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)

Heildarvirði útgefina hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina í ISK (m.v. uppgjörsdagsetningu skýrsluskila):

- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Hlutabréf félaga (E.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)

Á ekki við:

- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)
- Innlán (B.b)
- Fasteignir (E.c)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar (F.b)

## 2.1.22 ABLán

Type: xs:string

Segir til um hvort afborganir af höfuðstól skuldabréfs / láns séu greiddar oftár eða sjaldnar en á 12 mánaða fresti. A lán kallast fyrirgreiðsla þar sem afborganir af höfuðstól eru oftár en á 12 mánaða fresti á meðan B lán hafa afborganir af höfuðstól á 12 mánaða fresti eða sjaldnar.

A eða B lán eiga við eftirfarandi eignaflokka:

- Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og víxlar lánastofnanna og váttryggingafélaga, að undanskilydum víkjandi skuldabréfum (C.a.)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)

Valmöguleikar:

- A lán
- B lán
- Á ekki við

## 2.2 Vanskil og staða innheimtu

Upplýsingar um vanskil og stöðu innheimtu eiga einungis við um eftirtalda eignarfokka:

- Ríkisskuldabréf og víxla (A.a),
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b),

- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a),
- Sértryggð skuldabréf (B.c),
- Skuldabréf og víxla lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum (C.a),
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga (D.a),
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- og aðra fjármálagerninga, þó ekki afleiður (F.b).

### 2.2.1 Staðalinnheimtu

Type: xs:string

Staða innheimtu framangreindra eignaflokka:

Valmöguleikar:

1. Í skilum án endurskipulagningar
2. Í skilum eftir endurskipul. – afskrifað að hluta
3. Í skilum eftir endurskipul. 100 – 110% leiðin (fasteignaveðtryggð skuldabréf)
4. Í skilum eftir endurskipul. – greiðslujöfnun
5. Í skilum eftir endurskipul. - lánalenging
6. Vanskil – fullnustumeðferð
7. Vanskil – innheimtuferli
8. Vanskil – Í vinnslu
9. Vanskil – áður endurskipulagt
10. Vanskil – lagalegur ágreiningur
11. Vanskil – frysting greiðslna
12. Vanskil – aðrar vanefndir
13. Á ekki við

**ATH! Ef útgefandi hefur gefið út fleiri en eitt skuldabréf skal staða innheimtu allra skuldabréfanna miðast við það sem verst stendur.**

**Ef endurskipulagning hefur haft í för með sér fleiri en eitt úrræði skal staða innheimtu vera sú sem er ofar á ofangreindum lista (tl. 2 – 4).**

**Ef vanskil stafa af fleiri en einni ástæðu skal staða innheimtu vera sú sem er ofar á ofangreindum lista (tl. 5 – 11).**

Nánari skilgreiningar á valmöguleikum fyrir stöðu innheimtu er að finna í **Viðauka II**.

## 2.3 Afleiður

Eftirfarandi liðir 2.3.1-2.3.4 eiga einungis við um eignaflokkinn Afleiður (F.a)

### 2.3.1 Kaupandi/Seljandi afleiðu

Type: xs:string

Enumeration

Veljið formerki afleiðna „+/-„. Plús táknar kaupanda, mínus táknar seljanda.

### 2.3.2 Afleiðutegundir

Type: *xs:string*

Enumeration

Velja skal tegund afleiðu úr flettilista.

Flettilisti:

1. Framvirkur samningur (e. *forwards*),
2. Framtíðarsamningur (e. *futures*),
3. Kaupréttur (e. *call option*),
4. Söluréttur (e. *put option*),
5. Gjaldmiðlasamningur (e. *currency swap*),
6. Annað.

Sé „Annað“ valið skal skrifa skýringu í liðinn „Athugasemdir“ (sjá lið 2.4.14).

### 2.3.3 Afleiður: Samningsfjárhæð

Type: *xs:decimal*

Samningsfjárhæð afleiðu (e. *Notional value*).

### 2.3.4 Afleiður: Undirliggjandi fjármálagerningur

Type: *xs:string*

Length: 12

Pattern: *([A-Z|0-9]{12})?*

Skrá skal inn undirliggjandi fjármálagerning sem afleiðan tekur til. Nota skal ISIN eða auðkenni undirliggjandi fjármálagernings eins og það er skráð í skýrsluskilunum (sjá liði 2.1.9 og 2.1.10) .

### 2.3.5 Virði afleiðu

Type: *xs:decimal*

Slá skal inn virði afleiðu á uppgjörssdegi.

## 2.4 Annað

### 2.4.1 ISAT2008

Type: „ISAT“

Format: *xx.yy.z*

Upplýsingar um ISAT2008 atvinnugreinaflokkun á Íslandi.

## 2.4.2 Rekstrarform

Type: xs:string

Merkja við lista yfir Rekstrarform RSK.

Rekstrarform útgefanda eins og það er skráð hjá RSK.

<b>A1</b>	<b>Einstaklingur í atvinnurekstri</b>
<b>A2</b>	Dánarbú einstaklings
<b>AX</b>	Einstaklingsfyrirtæki með kennitölu (skráð fyrir 1. júlí 2003)
<b>B1</b>	Sameignarfélag almennt (sf)
<b>B2</b>	Sameignarfélag opinberir aðilar
<b>BX</b>	Önnur sameignarfélög (óskilgreind)
<b>C1</b>	Samlagsfélag, almennt (slf)
<b>C2</b>	Byggðasamlag (bs)
<b>D1</b>	Hlutafélag, almennt (hf)
<b>D4</b>	Hlutafélög – opinber
<b>DX</b>	Útibú/deild hlutafélags
<b>E1</b>	Einkahlutafélag (ehf)
<b>E1</b>	Einkahlutafélag (ehf) – Alþjóðlegt viðskiptafélag (ehf a.v.)
<b>F1</b>	Samlagshlutafélag
<b>G1</b>	Samvinnufélag (svf)
<b>G2</b>	Húsnæðissamvinnufélag
<b>H1</b>	Sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur (ses)
<b>H2</b>	Sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá
<b>HX</b>	Aðrar sjálfseignarstofnanir – útibú/deild
<b>K1</b>	Ríkisstofnun
<b>K2</b>	Stofnun sveitarfélags
<b>K3</b>	Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélags
<b>K4</b>	Opinber aðili
<b>K5</b>	Stofnun/fyrirtæki í eigu erlends ríkis
<b>KX</b>	Útibú ríkisstofnunar/sveitarfélags
<b>L1</b>	Sparisjóður
<b>LX</b>	Útibú sparisjóðs
<b>M1</b>	Lífeyrissjóður
<b>N1</b>	Félagasamtök
<b>N2</b>	Áhugamannafélag
<b>NX</b>	Önnur félagasamtök/áhugamannafélög
<b>P1</b>	Húsfélag
<b>P2</b>	Félagsbú
<b>P3</b>	Veiðifélag
<b>P4</b>	Félag í frístundabyggð
<b>R1</b>	Útibú erlends félags
<b>R2</b>	Erlent félag með tímabundna starfsemi á Íslandi
<b>Z1</b>	Erlent félag/fyrirtæki v/bankaviðskipta
<b>Z2</b>	Sjóður/deild innan fjármálafyrirtækis
<b>Z3</b>	Erlent félag/fyrirtæki v/bankaviðskipta m/takmarkaða ábyrgð
<b>ZX</b>	Önnur félög utan aðalskrár

### 2.4.3 Kröfuvirði/verðmat fasteignar

Type: *xs:decimal*

Upphæð fjárfestingar eða láns gagnvart lántaka, þ.e. upphæð kröfu eiganda skuldabréfs á lántaka.

Skrá inn verðmat vegna Fasteignir (E.c).

Á ekki við Hluteildarskírteini og hluti í UCITS (C.b), Hlutabréf félaga (E.a), Hlutdeildarskírteini og hluti annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b).

### 2.4.4 Vextir

Type: *xs:string*

Enumeration

Ef um fasteignaveðtryggð lán er að ræða skal velja fasta eða breytiga vexti. r

- Breytilegir
- Á ekki við

Ef vextir eru endurskoðaðir á líftíma fjármálagernings skal velja „Breytilegir vextir“. Einungis skal velja „Fastir“ ef vextir eru fastir út líftíma fjármálagernings.

### 2.4.5 Útgáfuland

Type: *xs:string*

Pattern:  $([A-Z|0-9]\{3\})?$

Skrá skal land þar sem fjármálagerningur er gefinn út.

### 2.4.6 Nýr fjármálagerningur

Type: *xs:string*

Enumeration

Hafi fjármálagerningur verið keyptur á tímabilinu, þ.e. frá síðustu skýrsluskilum, skal merkja „Já“.

Að öðru leyti skal velja „Nei“.

### 2.4.7 LTV (veðtryggð skuldabréf)

Type: *xs:decimal*

Á einungis við um fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b):

$$LTV = \frac{L (Bókfært virði skuldabréfs) + (virði lána sem eru frammar í veðrétti)}{V (Markaðsverð eða verð sem miðað er við við lántöku)} = X\%$$

LTV skal reikna að teknu tilliti til lána sem eru á undan í veðröð.

Sé um að lán sem eru eldri en svo að upplýsingar um veðhlutfall liggja ekki fyrir má sleppa því að fylla út þennan reit. Ávallt skal miða við nýjustu fáanlegu upplýsingar, t.d. LTV við lánveitingu eða uppfærðar upplýsingar sé sjóðurinn að fylgjast reglulega með LTV.

#### 2.4.8 Ytri lánshæfismatsaðili

Type: xs:string

Length: 255

Valkvætt

Slá skal inn viðurkenndan lánshæfismatsaðila (e. *External Credit Assessment Institutions*) fyrir útgefendur (eða vörsluaðila innlána) eftirfarandi fjármálagerninga, liggi slíkt fyrir:

Sjá lista hér yfir erlenda viðurkennda lánshæfismatsaðila:

<https://www.esma.europa.eu/supervision/credit-rating-agencies/risk>

- Ríkisvixlar og -skuldabréf (A.a)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Innlán (B.b)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátryggingafélaga (C.a)

Á ekki við

- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b) (Getur átt við ef útgefandi er félag)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b)
- Fasteignir (E.c)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar (F.b)

#### 2.4.9 Ytra lánshæfismat, einkunn

Type: xs:string

Valkvætt

Slá skal inn lánshæfismat þar sem við á fyrir þá útgefendur fjármálagerninga sem falla undir eignaflokka sem tilgreindir eru í lið 2.4.8 hér að framan.

Langtíma eignir skulu fá langtíma einkunn og skammtíma eignir, skammtíma einkunn af viðurkenndum matsaðila, hvort sem sjóðurinn ætlar að halda eignunum til skemmri tíma en gjalddagar bréfanna segja til um.

Bankainnstæður og peningamarkaðsskjöl fá skammtímaeinkunn. Ef fjármálagerningur hefur fengið sérstaka einkunn ber að nota hana (t.d. sértryggð skuldabréf).

#### 2.4.10 Innra lánshæfismat, einkunn

Type: *xs:string*

Valkvætt

Slá skal inn innra lánshæfismat fyrir hvern útgefanda liggja það fyrir hjá sjóðnum.

#### 2.4.11 Varúðarniðurfærsla

Type: *xs:decimal*

Slá skal inn varúðarniðurfærslu hafi slíkt mat farið fram hjá sjóðnum séu upplýsingar fyrir hendi.

- Ef varúðarniðurfærsla er færð niður á einstaka útgefendur skal velja þann útgefanda sem færslan á við.
- Sé um að ræða varúðarniðurfærslu fyrir allan tegundarflokkinn þá skal færa inn nafn lífeyrissjóðs/deild eða vörsluaðila sem útgefenda.

#### 2.4.12 Kaupkrafa/Gangvirði

Type: *xs:string*

Enumeration

Merkja skal við annan hvorn valmöguleikann eftir því hvernig fjármálagerningur er flokkaður í bókhaldi sjóðsins.

- Kaupkrafa
- Gangvirði

#### 2.4.13 Athugasemd

Type: *xs:string*

Length: 3000

Aðrar athugasemdir og/eða útskýringar sem rétt er að komi fram, t.d. ef verið er að nýta sér undanþáguákvæði eða bráðabirgðaákvæði laga.



### 3. Gagnareglur

Sjálfvirkar gagnareglur hafa verið virkjaðar fyrir gagnamódelið til að auka skilvirkni í viðtöku gagna, bæta gæði þeirra og einfalda úrvinnslu upplýsinga sem berast FME á rafrænu formi.

Gagnareglurnar eru keyrðar í gegnum vefþjónustu þegar tekið er við gögnunum og standist gögnin ekki gagnareglu fær skilaaðili tölvupóst þess efnis. Meðhöndlun tilvika þar sem gögn standast ekki gagnareglu má skipta í tvo flokka eftir því hvort um villu eða aðvörun er að ræða. Í tilfalli villu er gagnaskilunum hafnað og gögnum ekki veitt viðtaka, en í tilfalli aðvörunar er gögnunum veitt viðtaka. Í báðum tilfellum fær skilaaðili tölvupóst þar sem fram kemur skýring á því hvaða gögn stóðust ekki prófun og þarf að bæta.

Gagnareglur sem hafa verið virkjaðar er að finna í **Viðauka I**.

## 4. Viðaukar

### 4.1 Viðauki I – Gagnareglur

Tegund fjárfestingar, flokkuð eftir fyrirfram tilgreindum tegundarflokkum, samanber tl. 1-6 í 36. gr. a laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

- Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)
- Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.)
- Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)
- Innlán (B.b.)
- Sértryggð skuldabréf (B.c)
- Skuldabréf og vixlar lánastofnanna og vátryggingafélaga, að undanskyldum víkjandi skuldabréfum (C.a.)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga og víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga (D.a)
- Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (D.b)
- Hlutabréf félaga (E.a)
- Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (E.b.)
- Fasteignir (E.c)
- Afleiður (F.a)
- Aðrir fjármálagerningar (F.b)



# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Regla	Lýsing	Útreikningur	Villa/Aðvörðun
1	Í dálkinn „Dagsetning“ skal setja inn uppgjörsdagsetningu.	Uppgjörsdagur er á undan skiladegi.	Villa
2	Í dálkinn „ÚtgefandiKennitala“ skal slá inn kennitölu viðeigandi útgefanda. Ef um er að ræða einstakling eða fasteign skal slá inn kennitölu lífeyrissjóðsins.	Ef tegund = (A.a), (A.b), (B.a), (B.b), (B.c.), (C.a), (C.b), (D.a), (D.b), (E.a), (E.b), (F.a) og (F.b.), þá skal skrá inn kennitölu útgefanda vera LEI kóði.	Aðvörðun
3	Dálkurinn „ÚtgefandiHeiti“ skal fylltur út.	Ef tegund = (E.c) þá skal skrá heimilisfang. Ef Útgefandi er einstaklingur, eins og í tilfellum sjóðfélagalána (kennitala lífeyrissjóðs þá fyllt út) skal rita „Einstaklingur“.	Villa
4	Dálkurinn „RekstrarfélagHeiti“ skal fylltur út fyrir eignaflokka (C.b) og (E.b).	Ef tegund = (C.b) og (E.b) þá verður „Rekstrarfélagheiti“ að vera útfyllt	Aðvörðun
5	Dálkurinn „ÚtgefandiKennitala“ má ekki vera eins og „RekstrarfélagKennitala“.	Ef tegund = (C.b) og (E.b) þá má kennitala ekki vera sú sama og í „RekstrarfélagKennitala“	Aðvörðun
6	Dálkurinn „ISIN“ númer skal fylltur út að lágmarki fyrir skráð bréf.	Ef dálkurinn „Skráð“ = „Skráð“, þá skal ISIN útfyllt	Aðvörðun
7	Dálkurinn „Auðkenni/Lánanúmer/Fastanúmer“ skal fylltur út.	Ef dálkur = Auðkenni skal fyllt út þar sem við á, ef tegund (A.b), þá skal lánanúmer fyllt út. Ef tegund (E.c) þá skal fastanúmer fasteignar fyllt út.	Aðvörðun
9	Dálkurinn „Tegund fjárfestingar“ skal fylltur út	Fyrir allar tegundir skal velja viðeigandi gjaldmiðil úr flettilista.	Villa
10	Dálkurinn „Meðallíftími“ skal fylltur út fyrir öll skuldabréf og innlán.	Ef tegund = (A.a), (A.b), (B.a), (B.b), (B.c), (C.a), (D. a), (D.b), (F.a) og (F.b) $\geq 0$	Villa
11	Dálkurinn „Skráð“ skal fylltur út sem „Á ekki við“ fyrir viðkomandi eignaflokka.	Ef tegund = (A. a), (A. b), (B. b), (C.b), (E.c), þá skal færa „Á ekki við“ í dálknum „Skráð“	Villa
12	Dálkurinn „Skráð“ skal fylltur út sem „skráð“, „óskráð“ eða „Skráð á MTF“ fyrir viðkomandi eignaflokka.	Ef tegund = (B.a), (B.c), (C.a), (D.a), (E.a) og tegund (F.a) og (F.b) þá „Skráð“, „Óskráð“ eða „Skráð á MTF“.	Villa
13	Dálkurinn „Skráð“ skal fylltur út sem „skráð“, „óskráð“ eða „á ekki við“ fyrir viðkomandi eignaflokka.	Ef tegund = (E.b) og sjóður er innleysanlegur, þá skal velja „Á ekki við“ annars „Skráð“ eða „Óskráð“.	Villa
14	Dálkurinn „Verðtryggt“ skal fylltur út fyrir öll skuldabréf ef við á.	Fyrir allar tegundir fjárfestinga A til F skal velja „Verðtryggt“, ef við á.	Aðvörðun
15	Í dálkinn „Fjöldi“ skal skráður fjöldi eininga eða nafnverð verðbréfa.	Fyrir allar tegundir fjárfestinga A til F skal velja fjölda eininga eða nafnverð verðbréfa.	Villa
16	Dálkurinn „Gengi“ skal fylltur út.	Ef tegund innlán þá gengi = 1 fyrir ISK	Villa
17	Dálkurinn „Gjaldmiðil“.	Fyrir allar tegundir skal velja viðeigandi gjaldmiðil úr flettilista.	Villa
18	Dálkurinn „GengiGjaldmiðils“ skal fylltur út. Miða skal við kaupgengi SÍ í lok uppgjörsdags.	Gengi gjaldmiðils = 1 fyrir gjaldmiðilinn ISK.	Villa
19	Dálkurinn „BókfærtVerð“ er margfeldi svæðanna, fjöldi eininga * gengi * gjaldmiðils.	Fjöldi x gengi x gengi gjaldmiðils = bókfært verð	Aðvörðun
20	Dálkurinn „Heildarverðmæti“ skal fylltur út fyrir heildarútgáfu skuldabréfa í ISK.	Ef tegund = (A.a), (B.a), (B.c), (C.a), (D.a) og (D.b) er skráð þá tilgreina heildarverðmæti.	Aðvörðun
21	Dálkurinn „Heildarverðmæti“ skal fylltur út fyrir heildarvirði hlutabréfa og/eða hlutdeildarskírteina í ISK.	Ef tegund = (C.b), (E.a) og (E.b) þá tilgreina heildarverðmæti.	Aðvörðun
22	Dálkurinn „AB Lán“ tilgreinir hvort afborganir skuldabréfs eru oftast en á 12 mánaða fresti (A-lán) eða sjaldnar en á 12 mánaða fresti (B-lán).	Ef tegund = (A.a), (A.b), (B.a), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b) þá skal tilgreina hvort A lán eða B lán.	Aðvörðun
23	Dálkurinn „KaupandiSeljandiAflæiðu“ skal fylltur út.	Ef tegund = (F.a) þá skal velja formerkji aflæiða (+/-).	Aðvörðun
24	Dálkurinn „Aflæiðutegundir“ skal fylltur út.	Ef tegund = (F.a) þá skal tilgreina tegund samkvæmt flettilista	Aðvörðun
25	Ef dálkurinn „Aflæiðutegund“ er fylltur út þarf einnig að skrá „Samningsfjárhæð“ og „Undirliggjandi fjármálagerningur“.	Ef tegund = (F.a) þá skal fylla út „Samningsfjárhæð“ og „Undirliggjandi fjármálagerningur“.	Aðvörðun
26	Auðkennið „ISAT2008“ skal fyllt út.	Velja skal ISAT2008 númer fyrir viðkomandi innlenda atvinnugreinaflokun. ISAT númer er á forminu xx.yy.z	Aðvörðun
27	Dálkurinn „Rekstrarform“ skal fylltur út.	Nálgast skal rekstrarform úr lista yfir „Rekstrarform RSK“.	Aðvörðun
28	Kröfuvirði á að vera hærra en eða jafnt og bókfært virði nema í undantekningartilfellum.	Ef tegund (A.a), (A.b), (B.a), (B.c), (C.a), (D.a), (D.b), (F.b) þá á að færa kröfuvirði sem er $\geq$ bókfært virði, nema í undantekningartilfellum. Ef tegund (E.c) þá skal færa inn verðmat fasteignar.	Aðvörðun
29	Dálkurinn „Vextir“ skal fylltur út.	Fyrir allar tegundir fjárfestinga, skal fylla út undir dálkum „Vextir“ gildin „Fastir“, „breytilegir“ eða „á ekki við“.	Villa
30	Dálkurinn „Útgáfuland“ skal fylltur út.	Velja „Útgáfuland“ fyrir alla fjármálagerninga.	Aðvörðun
31	Dálkurinn „Nýr fjármálagerningur“ skal fylltur út.	Velja skal „já“ eða „nei“ fyrir allar tegundir nema ef um innlán er að ræða.	Villa
32	Dálkurinn „LTV(veðtryggt skuldabréf)“ skal fylltur út.	Ef tegund = (A.b) þá „LTV“.	Aðvörðun
33	Dálkurinn „Varúðamíðurfærsla“	Niðurfærsla skuldabréfa, ef við á.	Aðvörðun
34	Dálkurinn „Kaupkrafa/Gangvirði“ skal fylltur út.	Merka við „Kaupkröfu“ eða „Gangvirði“ eftir því sem við á.	Villa
35	Neikvætt bókfært virði	Bókfært virði $< 0$	Aðvörðun

## 4.2 Viðauki II – Skilgreiningar á valmöguleikum fyrir stöðu innheimtu

### Í skilum án endurskipulagningar:

Lán (skuldabréf) er í skilum án þess að gripið hafi verið til nokkurra aðgerða. Lán telst vera í skilum þangað til það er komið í 90 daga vanskil.

### Í skilum eftir endurskipulagningu:

- *Frysting að hluta (biðlán án BV)*  
Hluta láns hefur verið breytt í víkjandi biðlán með formlegum samningi og BV (bókfært virði) biðlánsins er 0 krónur. Lánið er að öðru leyti í skilum.
- *Afskrifað að hluta*  
Hluti láns hefur verið afskrifaður en eftirstandandi hluti þess er í skilum.
- *Skuldbreyting í eigið fé*  
Láni hefur að hluta eða öllu leyti verið breytt í eigið fé. Ef hluta af láni hefur verið breytt í eigið fé mynda eftirstöðvar bókfært virði lánsins.
- *100-110% leiðin (fasteignalán til einstaklinga)*  
Lántaki hefur farið í gegnum 100-110% leiðina.
- *Greiðslujöfnun (fasteignalán til einstaklinga)*  
Greiðslubyrði láns tekur mið af greiðslujöfnunarvísitölu Hagstofu Íslands.
- *Lánalenging*  
Greiðslutími láns hefur verið lengdur og afborganir lækkaðar.

### Vanskil (lán telst vera í vanskilum ef það er komið í 90 daga vanskil):

- *Fullnustumeðferð*  
Lán er komið í fullnustumeðferð.
- *Innheimtuferli*  
Lán er komið í formlegt innheimtuferli hjá lögfræðingi.
- *Í vinnslu*  
Lán þar sem lífeyrissjóður er að vinna að endurskipulagningu.
- *Áður endurskipulagt*  
Lán þar sem lántaki hefur ekki staðið við skilmála eftir endurskipulagningu. Þessa merkingu fá þeir aðilar sem eru í vanskilum en hafa áður komið fyrir í flokknum „Í skilum eftir endurskipulagningu“.
- *Lagalegur ágreiningur*  
Lántaki er ekki að greiða afborganir láns að fullu með skírskotun til lagalegrar óvissu sem lífeyrissjóður viðurkennir að sé fyrir hendi.
- *Frysting greiðslna*  
Lántaki hefur gert samkomulag um að greiða ekki afborganir láns að fullu.
- *Frysting að hluta (biðlán með BV)*  
Hluta láns hefur verið breytt í víkjandi biðlán með formlegum samningi og BV (bókfært virði) þess er > 0 krónur. Lánið er að öðru leyti í skilum.
- *Aðrar vanefndir*  
Lán í vanskilum sem ekki falla undir ofangreinda flokka skal merkja með þessum hætti.

➔ Nei  
➔ Já

**Almennt:**

Heildarfyrirgreiðsla hvers lántaka skal færa í eina línu, þ.e.a.s.þó svo lítill hluti fyrirgreiðslunnar sé í vanskilum, þá flokkast öll fyrirgreiðslan í þá línu.

**Blái kassinn** er byrjunarspurningin, **gráir kassar** eru aðrar spurningar og **brúnir kassar** eru svo þeir flokkar sem viðkomandi lántakar falla undir.

**Fjólublái kassar:**

Lántaki hefur farið í greiðslumat hjá lánveitanda og sá hluti fyrirgreiðslunnar sem er umfram greiðslugetu hefur verið settur í biðlán. Þó svo lántakinn sé í skilum miðað við þessa endurskipulagningu skal færa hann í vanskil ef biðlánið hefur bókfært virði.

